

Athugasemdir við drög að deiliskipulagsbreytingu fyrir Rangárvelli og möguleg viðbrögð við þeim

Nr.	Varðar	Efni umsagnar	Viðbrögð
Landsnet			
1	Hert skilyrði	<p>Landsnet telur að deiliskipulagstillögunar taki ekki nægjanlegt tillit til hagsmuna starfsemi félagsins á Rangárvöllum. Setja þurfi strangari mörk um loft- og svifryksmengun en gilda á almennum iðnaðarsvæðum og að tryggt sé að mengun verði innan ásættanlegra marka með tilliti til búnaðar Landsnets í tengivirkinu á Rangárvöllum.</p> <p>Fram kemur að rafbúnaður í tengivirkinu sé hannaður, smíðaður og prófaður fyrir þær umhverfisaðstæður sem eru til staðar, þ.m.t. þá loft- og rykmengun sem búast má við á svæðinu. Verði breyting á umhverfisaðstæðum, t.d. vegna nýrrar iðnaðarstarfsemi í grennd, hefur það því áhrif á rekstraröryggi og rekstrarkostnað viðkomandi búnaðar. Mengun og/eða ryk í lofti, sem fellur á einangrara og sest inn í drifbúnað í tengivirkinu, rýrir einangrunargildi og getur leitt til truflana og/eða skemmda á búnaði, þar sem hann er ekki gerður fyrir þær umhverfisaðstæður.</p> <p>Meðfylgjandi umsögninni er minnisblað frá Eflu. Í minnisblaðinu er lagt til að horft verði til Danmörku og Skotlands varðandi kröfur um svif- og fallryk, auk þess sem lagðar eru til aðgerðir af hálfu Landsnets til að varna því að ryk hafi áhrif á rekstur tengivirkisins.</p> <p>Verði slík skilyrði sett fyrir atvinnurekstri á lóðinni telur Landsnets að tekið hafi verið nægjanlegt tillit til hagsmuna félagsins á svæðinu, en bendir á að aðgerðir í tengivirkinu kynnu að hafa í för með sér röskun á rekstri þess.</p>	Deiliskipulagstillögunni hefur nú verið breytt í samræmi við tillögu sem birt er í minnisblaði Eflu, dags. 01.03.2019.

Rarik			
2	Leggst gegn breytingu	<p>RARIK telur að gæta verði mikillar varúðar á þessu svæðu þar sem Rangárvellir eru í dag lagn mikil-vægasti tengipunktur í raforku-kerfinu á Eyjafjarðarsvæðinu.</p> <p>....Að þessu sögðu leggst RARIK því alfarið gegn því að steypustöð eða önnur rykmengandi starfsemi verði heimiluð á svæðinu.</p>	<p>Deiliskipulagstillögunni hefur nú verið breytt í samræmi við tillögu sem birt er í minnisblaði Eflu, dags. 01.03.2019.</p> <p>Auk þess segir í tillögunni að öll starfsemi á lóð 3 og 4 skuli vera bundin iðnaðarstarfsemi sem felur í sér litla hættu á efna- og hljóðmengun og/eða starfsemi tengda raforku sem fellur ekki undir 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Ekki er leyfilegt að geyma eða vinna efni utanhúss sem geta valdið loftmengun eða svifryki, svo sem mól, sand eða fínefni.</p> <p>Umgegni og umhirða skal vera til fyrirmyndar. Ekki verður leyfilegt að safna eða geyma ónýtt tæki eða rusl utanhúss. Öll starfsemi sem varðar framleiðslu eða vinnslu efnis á Rangárvöllum 3 og 4 skal fara fram innanhúss.</p> <p>Starfsleyfisskilyrði fyrir starfsemi á svæðinu skulu byggð á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirliti.</p>
3	Framtíðar-framkvæmdir Rarik	<p>RARIK vill einnig vekja athugli á þeirri staðreind að hnútapúntur í raforku-kerfi svæðisins, eins og Rangárvellir eru, kalla á nýjar strenglagnir og breytingar á mannvirkjum í takt við aukin umsvif og endurnýjun raforkukerfisins. Það er því varasamt að þrengja að þessum punctum því það getur aftrað frekari vöxt.</p> <p>RARIK minnir á að Skipulagsnefnd Akureyrarbæjar hefur veitt RARIK heimild til að leggja austan Rangár-vallavegar nýjan streng að Hólsvirkjun og verður það gert í sumar. Ætla má að á næstu árum bætist fleiri strengir við á svæðinu og gerir RARIK það að tillögu sinni að afmörkuð verði strenggata austna vegarins, t.d. 6 metra breið til að tryggja orkufyrir-tækjunum greiðan aðgang að lagnaleiðum.</p>	<p>Vegna mikilvægi svæðisins fyrir raforkukerfið er deiliskipulagstillögunni breytt á þann veg að bætt er inn 6 metra breiðri kvöð austan vegarins til að tryggja orkufyrirtækjunum greiðan aðgang að lagnaleiðum.</p>

Norðurorka			
4		<i>Engar athugasemdir að sinni.</i>	
Heilbrigðisnefnd			
5	Óþægindi fyrir íbúa	<p>Að mati heilbrigðisnefndar er talsverð hættu á að rekstur steypustöðvar á Rangárvöllum valdi nálægum íbúum óþægindum vegna fok- og rykhættu í suðvestan átt...</p> <p>... og sömuleiðis er hættu á hávaða og fínryki (sement, flutningar og geymsla á efni) vegna slíkrar starfsemi.</p>	<p>Deiliskipulagstillögunni hefur nú verið breytt í samræmi við tillögu sem birt er í minnisblaði Eflu, dags. 01.03.2019.</p> <p>Auk þess segir nú í tillögunni að öll starfsemi á lóð 3 og 4 skal vera bundin iðnaðarstarfsemi sem felur í sér litla hættu á efna- og hljóðmengun og/eða starfsemi tengda raforku sem fellur ekki undir 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Ekki er leyfilegt að geyma eða vinna efni utanhúss sem geta valdið loftmengun eða svifryki, svo sem möl, sand eða fínefni. Umgegni og umhirða skal vera til fyrirmyndar. Ekki verður leyfilegt að safna eða geyma ónýt tæki eða rusl utanhúss. Öll starfsemi sem varðar framleiðslu eða vinnslu efnis á Rangárvöllum 3 og 4 skal fara fram innanhúss.</p> <p>Varðandi hljóðvistarkröfur fyrir starfsemi á lóðum 3 og 4 skal s.kv. fyrri drögum að deiliskipulagsbreytingu miðast við að hljóðstig frá starfsemi megi ekki fara yfir 55 L_{Aeq}, sem er viðmið úr töflu III í viðauka reglugerðar um hávaða nr. 724/2008. Þetta eru viðmið fyrir Íbúðarhúsnæði á verslunar-, þjónustu- og miðsvæðum. Þessu hefur nú verið breytt í nýju tillögunni og þess í stað miðað við mörk fyrir íbúðarhúsnæði á íbúðarsvæðum sem er 50 L_{Aeq}. Töflu þessa má sjá í viðauka.</p> <p>Í deiliskipulagstillögunni hafa kröfur varðandi tímamörk starfsemi einnig verið hertar og miðast nú við tímamarkanir fyrir sérstaklega hávaðasamar framkvæmdir sem eru viðmið úr töflu IV í viðauka reglugerðar um hávaða nr. 724/2008. Þetta þýðir að starfsemi er heimil frá klukkan 7:00 – 19:00 á virkum. Töflu þessa má sjá í viðauka.</p> <p>Auk þess er í tillögunni hugað að því að lýsing sé lágstemmd og valdi ekki ljósmengun utan lóðanna sérstaklega m.t.t. Giljahverfis. Komi til uppsetningar</p>

			<p>hindranalýsingar vegna hindranasvæðis Akureyrarflugvallar skal metin þörf á mótvægisáðferðum gagnvart íbúum Giljahverfis.</p> <p>Í tillögunni hefur einnig verið aukið við kröfur varðandi gróður. Þar segir nú að kvöð er um a.m.k. 2 m skermandi gróðurbelti innan lóðar nr. 4 við austur- og norðurmörk hennar, með blöndu af sígrænum og lauffellandi trjágróðri, auk runnagróðurs. Gróðursetning skal vera markviss og frágangur og umhirða til fyrirmyndar.</p> <p>Tré til norðurs við núverandi lóð Rangárvalla 4 verða færð norðar að nýjum lóðamörkum, til samræmis við lóðastækkunina.</p> <p>Þar sem áður var gert ráð fyrir lóð nr. 6 er í tillögunni gert ráð fyrir gróðursvæði/skóglendi.</p> <p>Hefja skal gróðursetningu skjólbeltis og skóglendis við upphaf framkvæmda til að draga úr hljóð-, ásýndar- og loftmengun af starfsemi.</p>
6	Veitukerfi	einnig er frárennsli frá steypustöðvum vandmeðfarið og óheppilegt að taka við slíku frárennsli inn á veitukerfi ofarlega í Akureyrarbæ (slit- og stífluhætta)....	<p>Bætt inn í tillöguna að starfsleyfisskilyrði fyrir starfsemi á svæðinu skuli byggð á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirliti, auk þess að hlíta reglum um iðnaðarstarfsemi í reglugerð um fráveitur og skólþ nr. 798/1999 í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Eystra.</p> <p>Bætt inn í tillöguna við að tryggja skuli að frárennsli frá starfsemi á lóð innihaldi ekki efni sem geti aukið hættu á sliti eða stíflum í fráveitukerfi eða aukinni mengun í viðtaka.</p>
	Leggst gegn breytingunni	...Að teknu tilliti til hagsmuna nálægrar íbúðabyggðar mælist heilbrigðisnefnd til þess að <u>Akureyrarbær gefi ekki kost á að steypustöð verði byggð á Rangárvöllum</u> . Að mati heilbrigðisnefndar er mengunarhætta vegna reksturs á steypueiningaverksmiðju mun minni en vegna reksturs á steypustöð og er ekki gerð athugasemd við áform um að heimila rekstur á steypueingaverksmiðju á Rangárvöllum (aðflutt tilbúin steypa)	Ákvörðun sveitafélags.

SS - byggir			
7	Þrengir að rekstri	SS Byggir ehf. óskar eftir því að fá starfsemina samþykka eins og hún er í dag. Almennu telur fyrirtækið að drögin þrengi almennt of mikið að mögulegum rekstri og iðnaði á þessu iðnaðarsvæði til framtíðar. T.d. væri nægilegt að taka fram að laust efni skuli geymt í lokuðum geymslum og að kröfur um loftmengun væru skrásettar og eftirfylgni réði því hvort starfsleyfi fengist endurnýjað hverju sinni.	Aðrar umsagnir eru þess eðlis að erfitt er að koma til móts við þessa athugasemd.
Hverfisnefnd Giljahverfis			
8	Engin áform þessu líkt þegar íbúar kaupa	Þegar Giljahverfi var skipulagt og lóðum úthlutað þar voru engin áform um að stækka viðkomandi iðnaðarsvæði í átt að Giljahverfi,	Dregið hefur verið úr líkum á neikvæðum áhrifum af skipulagsbreytingunni með þeim breytingum sem hafa verið í samræmi við aðrar ábendingar.
9	Gróðurbelti	Að auki var búið að planta gróðurbelti upp með og norðan við lóðir NO og Landsvirkjunar sem skyggir á starfsemi svæðisins, en það hefur tekið um aldarfjórðung að ná þeirri hæð sem það hefur núna, sjá mynd.	Í tillögunni hefur verið aukið við kröfur varðandi gróður. Þar segir nú að kvöð sé um a.m.k. 2 m skermandi gróðurbelti innan lóðar nr. 4 við austur – og norðurmörk hennar, með blöndu af sígrænum og lauffellandi trjágróðri, auk runnagróðurs. Gróðursetning skal vera markviss og frágangur og umhirða til fyrirmyndar. Tré til norðurs við núverandi lóð Rangárvalla 4 verða færð norðar að nýjum lóðamörkum, til samræmis við lóðastækkunina. Þar sem áður var gert ráð fyrir lóð nr. 6 er í tillögunni gert ráð fyrir gróðursvæði/skóglendi. Hefja skal gróðursetningu skjólbeltis og skóglendis við upphaf framkvæmda til að draga úr hljóð-, ásýndar- og loftmengun af starfsemi.
10	Hönnun íbúðarhúsa	Á þeim forsendum sótti fólk um sínar lóðir og fjárfesti íhúsum í því fallega umhverfi sem þar var og er enn þá. Á sömu forsendum eru öll húsin hönnuð og eru þau til að mynda hönnuð með útloftun íverurýma og svefnherbergja um opnanlega glugga sem ekki dugar ef til kemur hljóð- og rykmengun. Það er ekki hægt að ætlast til að fólk fari að breyta húsum sínum til að mæta mengun sem leyfð er	Varðar ákvörðun sveitastjórnar um starfsemi.

		áratugum síðar enda er það bæði dýrt og ógerlegt í flestum tilfellum.	
11	Ekki skyld starfsemi	Þegar Akureyrarbær árið 2006 auglýsir fyrirhugaða stækkun á svæðinu neðan við veg og niður að íbúðarbyggð þá er stækkunin ekki auglýst fyrir “iðnað” heldur sem „Tillaga að deiliskipulagi athafna-svæðis Landsvirkjunar, RARIK og Norðurorku“ (sem sé ekki auglýst iðnaðarsvæði) og tilheyrandi deiliskipulagsuppdráttur tilgreinir líka umrædd fyrirtæki sem lóðar-hafa og þá Landsvirkjun sem lóðar-hafa lóðar 4 en öll sú starfsemi var þar innandyra í snyrtilegu húsnæði og fylgdi engin mengun né óþægindi þeirri starfsemi. Eins var bætt við lóð númer 6 og á sama hátt samkvæmt auglýsingu sem “skyld starfsemi sem fyrir er á lóðum 2 og 4” því er augljóst að allar stækkunir í auglýstu deiliskipulagi séu hluti af „athafnasvæðis Landsvirkjunar, RARIK og Norðurorku“ en ekki fyrir mengandi iðnað !	Varðar ákvörðun sveitarstjórnar um starfsemi. Rangárvellir 1, 3 og 4 eru á svæði I11 í gildandi aðalskipulagi. Svæði I11 er skilgreint sem svæði fyrir aðveitustöð rafveitu. Breytt starfsemi kallar líklega á aðalskipulagsbreytingu.
12	Forsendur fyrir samþykki íbúa	Forsendur samþykkis íbúa Akureyrar, sem fékkst 2006, voru þær að auglýstir aðilar væru með sína starfsemi á þessum lóðum. Stækkunin var bundin við athafnasvæði ákveðinna aðila og þeirra starfsemi vegna þess að í deiliskipulaginu voru aðilarnir og starfsemi þeirra sérstaklega tilgreind. Þessar forsendur eru augljóslega mikilvægar og vegna þess að þær eru brostnar þá hljóta stækkunir sem Landsvirkjun var veitt á byggingarmagni svo og möguleg heimild til stækkunar lóðar vera fallin niður. Við teljum því að það sé alls ekki rétt að yfirfæra þennan rétt á annan aðila sem er með allt aðra starfsemi en stækkunin var veitt fyrir. Mótmælt er því að samþykki íbúa fyrir ekki mengandi “ATHAFNARSVÆÐI “ verði misnotað til að leyfa mengandi “IÐNAÐARSVÆÐI”. Íbúar Giljahverfis vilja einfaldlega ekki mengun upp að íbúðarbyggð !	Varðar ákvörðun sem tekin er í sveitarstjórn. Svæðið er skilgreint sem iðnaðarsvæði I11 í gildandi aðalskipulagi. Svæði I11 er skilgreint sem svæði fyrir aðveitustöð rafveitu. Breytt starfsemi kallar líklega á aðalskipulagsbreytingu.

13	Yfirlýsing á fundi	Á fundinum lýstu allir oddvitar flokkanna því yfir að steypu-einingaverksmiðja yrði ekki liðin á viðkomandi lóð, sbr. og yfirlýsingar þeirra og fleiri á heimasíðu Hverfisnefndar Giljahverfis.	Engin viðbrögð.
14	Vanhæfi	Hverfisnefnd vill að gengið verði eftir að umfjöllunaraðilar t.d. í skipulagsráði upplýsi um tengsl sín við umsækjanda eða yfirmenn hans í fyrirtækinu ef einhver eru. Fjölskyldutengsl, vensl, vinatengsl eða hvers konar vinnutengsl. Í framhaldi af því verði skoðað hvort viðkomandi telst hæfur til að fjalla um eða koma að málinu sem umsækjandi hefur svo mikla hagsmuni af.	Engin viðbrögð.
15	Markmið standast ekki	<p>Það hljómar vel að skrifa eftirfarandi markmið í skipulagið:</p> <ul style="list-style-type: none"> „Fylgja eftir stefnu gildandi deiliskipulags og aðalskipulags um atvinnustarfsemi sem uppfyllir ströngustu kröfur um mengunarvarnir.“ „Iðnaðarstarfsemi sem felur í sér litla hættu á efna- og hljóðmengun“ <p>Staðreyndin er hins vegar önnur en þessi orð gefa til kynna því í tillögunum er gert ráð fyrir hæstu leyfilegu mengunargildum fyrir iðnaðarhverfi, reglugerðir gefa jú upp hámarks leyfilega mengun sem getur á engan hátt „talist ströngustu kröfur“. Það væri vitanlega í lagi ef þetta iðnaðarhverfi væri í eðlilegri fjarlægð frá íbúabyggð en ekki í 100 metra fjarlægð frá bakgörðum fólks eins og er tilfellið (Samkvæmt heilbrigðiseftirlitinu er almenna reglan að iðnaður sé í a.m.k. 500 m fjarlægð frá íbúabyggð).</p>	<p>Í tillögunni er ekki gert ráð fyrir leyfilegum mengunargildum fyrir iðnaðarhverfi heldur talað um að fylgja stefnu gildandi deiliskipulags og aðalskipulags um atvinnustarfsemi sem uppfyllir ströngustu kröfur um mengunarvarnir. Skilyrði eru auk þess hert í nýrri tillögu.</p> <p>Deiliskipulagstillögunni hefur nú verið breytt hvað varðar skilyrði um loftmengun í samræmi við tillögu sem birt er í minnisblaði Eflu, dags. 01.03.2019. Auk þess kemur fram í drögum að öll starfsemi á lóð 3 og 4 skal vera bundin iðnaðarstarfsemi sem felur í sér litla hættu á efna- og hljóðmengun og/eða starfsemi tengda raforku sem fellur ekki undir 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Ekki er leyfilegt að geyma eða vinna efni utanhúss sem geta valdið loftmengun eða svifryki, svo sem mól, sand eða finefni. Umgegni og umhirða skal vera til fyrirmyndar. Ekki verður leyfilegt að safna eða geyma ónýtt tæki eða rusl utanhúss. Öll starfsemi sem varðar framleiðslu eða vinnslu efnis á Rangárvöllum 3 og 4 skal fara fram innanhúss.</p> <p>Varðandi hljóðvistarkröfur fyrir starfsemi á lóðum 3 og 4 skal skv. fyrri tillögu miðað við að hljóðstig frá starfsemi megi ekki fara yfir 55 L_{Aeq}, sem er viðmið úr töflu III í viðauka reglugerðar um hávaða nr. 724/2008. Þetta eru viðmið fyrir íbúðarhúsnæði á verslunar-, þjónustu- og miðsvæðum. Þessu hefur nú verið breytt í nýrri tillögu og er þess í stað miðað við mörk fyrir íbúðarhúsnæði á íbúðarsvæðum sem er 50 L_{Aeq}. Töflu þessa má sjá í viðauka.</p>

			<p>Tímamörk stafseminnar eru einnig hertar og miðast nú við tímamarkanir fyrir sérstaklega hávaðasamar framkvæmdir sem eru viðmið úr töflu IV í viðauka reglugerðar um hávaða nr. 724/2008. Þetta þýðir að starfsemi er heimil frá klukkan 7:00 – 19:00 á virkum. Töflu þessa má sjá í viðauka.</p> <p>Bætt inn í tillöguna að starfsleyfisskilyrði fyrir starfsemi á svæðinu skuli byggð á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirliti, auk þess að hlíta reglum um iðnaðarstarfsemi í reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Eystra.</p> <p>Bætt inn í tillöguna við að tryggja skuli að frárennsli frá starfsemi á lóð innihaldi ekki efni sem geti aukið hættu á sliti eða stíflum í fráveitukerfi eða aukinni mengun í viðtaka.</p>
16	Halda skuli núverandi stefnu	Farið er því fram á að ekki verði vikið frá stefnu í núverandi deiliskipulagi að því leiti að eingöngu sé heimiluð hrein og ómengandi starfsemi á lóð 4 (sambærileg þeirri starfsemi sem vitnað er í, í gildandi deiliskipulagi)	Varðar ákvörðun sveitarstjórnar um starfsemi. Rangárvellir 1, 3 og 4 eru á svæði I11 í gildandi aðalskipulagi. Svæði I11 er skilgreint sem svæði fyrir aðveitustöð rafveitu. Breytt starfsemi kallar líklega á aðalskipulagsbreytingu.
17	Rekstrartími	Leyfa á rekstur frá kl. 7:00 – 21:00 á virkum dögum og frá klukkan 10:00 – 19:00 um helgar og á öðrum frídögum. Um er að ræða verulega skert lífsgæði fyrir íbúana sem eiga að þola mjög mikinn hávaða fram til 21:00 á hverju einasta kvöldi og um allar helgar til 19.00. <u>Í úthverfi Akureyrar á ekki að þurfa að reikna með að vakna upp alla daga við hávaða og að ekki sé hægt svæfa börn og ungabörn á kvöldin eða um daginn.</u> <u>Íbúabyggðin kom á undan fyrirhugaðri starfsemi og á að ganga fyrir.</u>	Varðandi hljóðvistarkröfur fyrir starfsemi á lóðum 3 og 4 skal s.kv. fyrri drögum að deiliskipulagsbreytingu miðast við að hljóðstig frá starfsemi megi ekki fara yfir 55 L _{Aeq} , sem er viðmið úr töflu III í viðauka reglugerðar um hávaða nr. 724/2008. Þetta eru viðmið fyrir Íbúðarhúsnæði á verslunar-, þjónustu- og miðsvæðum. Þessu hefur nú verið breytt í nýju tillögunni og þess í stað miðað við mörk fyrir íbúðarhúsnæði á íbúðarsvæðum sem er 50 L _{Aeq} . Töflu þessa má sjá í viðauka. Í nýju tillögunni hafa kröfur varðandi tímamörk stafsemi einnig verið hertar og miðast nú við tímamarkanir fyrir sérstaklega hávaðasamar framkvæmdir sem eru viðmið úr töflu IV í viðauka reglugerðar um hávaða nr. 724/2008. Þetta þýðir að starfsemi er heimil frá klukkan 7:00 – 19:00 á virkum. Töflu þessa má sjá í viðauka.

18	Eftirlit	Það dugar lítið að lofa starfsemi með „Ítilli“ hættu á mengun og fela Heilbrigðiseftirlitinu að annast mælingar og eftirlit þegar augljóst er að mikil mengun er leyfð samkvæmt reglugerðumog nánari lýsingum skipulags. ... <u>Heilbrigðiseftirlitið endar þannig alltaf með Svarta Pétur og verður blóraböggull allra hugsanlegra kvartana frá íbúum hverfisins.</u>	Með því að koma til móts við ábendingar og umsagnir og herða kröfur er dregið úr líkum á neikvæðum áhrifum af völdum skipulags. Skýr ákvæði í deiliskipulagi geta auðveldað eftirfylgni.
19	Skipulags- breyting fyrir steypustöð	Ef umsókn lóðarhafa frá janúar 2017 er borin saman við deiliskipulagstillögu Akureyrarbæjar sést að allt sem lóðarhafi sótti um kemst fyrir á deiliskipulagstillögunni. Þessi augljósi samanburður sýnir að það þarf einbeittan vilja til að halda öðru fram en þarna sé verið að deiliskipuleggja fyrir lóðarhafa lóð undir steypustöð og steypueinigarverksmiðju, sem svo verði ekki hægt að neita um starfsleyfi !	Ástæða þess að verið er að taka út nafngreiningar á fyrirtækjum í nýju deiliskipulagi er sú að í dag er ekki venja að tilgreina fyrirtæki á lóðum í deiliskipulögum en skilgreina frekar hvaða starfsemi er heimil á lóð.
20	Efnisflutningur	Eitt af mörgum atriðum sem þarf að skoða er efnisflutningar til og frá starfsemi. Ef starfsemi eins og steypustöð verður leyfð á svæðinu þá minnkar ekki þessi flutningur. Það má greinilega sjá á götu eins og Hlíðarbraut þegar verið er að flytja möl, sand eða sement því þá verður gatan mjög skítug með öllu því svifryki sem því fylgir. Þetta er hægt að koma í veg fyrir með því einu að hafa starfsemi sem þessa í útjaðri bæjarins þar sem þar til gerð svæði eru.	Í nýju tillögunni hefur verið bætt við ákvæði um að tryggja skuli að aðföng séu varin á flutningstíma þannig að þau berist ekki út í umhverfið.

Viðauki

Tafla III. Mörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi.							
Tegund húsnæðis	Mörk fyrir atvinnustarfsemi						
	$L_{Aeq(07-19)}$		$L_{Aeq(19-23)}$		$L_{Aeq(23-07)}$		L_{AFmax} nótt
	Við húsvegg	Inni	Við húsvegg	Inni	Við húsvegg	Inni	Inni
Íbúðarhúsnæði á íbúðarsvæðum	50	30	45	30	40	25	40
Íbúðarhúsnæði á verslunar-, þjónustu- og miðsvæðum	55	30	55	30	40	30	45
Dvalarrými á þjónustustofnunum þar sem sjúklingar eða vistmenn dvelja yfir lengri tíma	60*	35	50*	35	50*	30	45
Iðnaðarsvæði og athafnasvæði	70		70		70		
Frístundabyggð	35		35		35		35
Leik- og grunnskólar	50*	30					
Kennslurými framhaldsskóla		30					
Hávaðalitlir vinnustaðir, s.s. skrifstofur og sambærilegt		30					

Tafla IV. Mörk fyrir hávaða vegna framkvæmda.				
			Upphaf framkvæmda	Lok framkvæmda
Íbúðasvæði, nágrenni þeirra og dvalarrýma þjónustustofnana þar sem sjúklingar eða vistmenn dvelja yfir lengri tíma	Háværar framkvæmdir	Virkir dagar	7:00	21:00
		Helgar og almennir frídagar	10:00	19:00
		Aðrir dagar	Ekki heimilt	
	Sérstaklega hávaðasamar framkvæmdir	Virkir dagar	7:00	19:00
		Aðrir dagar	Ekki heimilt	